



ALÞINGI ÍSLENDINGA  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN  
SEP/eeg/02/2724

DAGSETNING  
10.12.2002

**Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. 128. löggjafarþing 2002-2003. Þskj. 352 - 324. mál.**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvubréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gærmorgun þar sem óskað er eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt 324. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

**u m s ö g n :**

Samkvæmt upplýsingum nefndasviðs er þess óskað að Skattrannsóknarstjóri ríkisins fjalli aðallega um breytta skattframkvæmd sem ætla megi að verði ef frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar. Meginhluti þeirra eru þess efnis að varða ákvarðanir stjórnmalalegs eðlis. Falla þar m.a. undir áformaðar breytingar á skattmati, ákvörðun á reiknuðu endurgjaldi og heimild til að nýta tap.

Lagt er til að ákvörðun skattmats og ákvörðun um reiknað endurgjald verði framvegis tekin af fjármálaráðherra í stað ríkisskattstjóra. Verið er að flytja frá embætti ríkisskattstjóra hlutverk sem það hefur haft með höndum undanfarna áratugi. Ekki er vitað til annars en að ákvarðanir ríkisskattstjóra á undanförunum áratugum hafi í meginatriðum verið staðfestar af dómstólum ef til ágreinings hefur komið. Fram að síðustu áramótum hefur ákvörðun skattmats ekki orðið tilefni til teljandi þjóðfélagslegra umræðna eða mikils ágreinings um efni skattmatsins þegar það hefur verið birt. Hafa þó á undanförunum áratugum verið gerðar ýmsar veigamiklar breytingar svo sem þegar grundvelli bifreiðahlunnindamats var breytt úr akstursviðmiðun yfir í verðmæti bifreiðar á árinu 1987. Þær breytingar voru raunar á þeim tíma unnar í nánú samstarfi við fjármálaráðuneytið á öllum stigum málsins.

Í byrjun þessa árs kynnti ríkisskattstjóri nýtt skattmat sem að margra mati orkaði mjög tvímælis. Var í því gert ráð fyrir nýjum skattstofnum sem meta skyldi til skattverðs og skattmati fasteigna var breytt í verulegum mæli. Skattmatið var síðan afturkallað og því breytt eftir að athugasemdir komu fram. Séu áformaðar breytingar á 116. gr.




laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins, virtar í ljósi þeirrar umræðu sem þá varð, kemur framkomið frumvarp að þessu leyti ekki á óvart.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra geti heimilað skattstjóra að fara með skatteftirlit í öðru umdæmi. Með þessari heimild er greinilega verið að blása lífi í skatteftirlit hér á landi en því hefur verið nokkuð misskipt milli umdæma undanfarin ár. Verkefni þetta var fært tímabundið frá ákveðnum skattumdæmum til embættis ríkisskattstjóra fyrir nokkrum árum og var tilgangur þess flutnings að leitast við að tryggja skilvirkni þess. Hafði þá um skeið gengið heldur illa að manna þær stöður sem ætlaðar voru til skatteftirlits. Nú eru hins vegar meiri líkur á að það takist að fá starfsmenn til þessa verkefnis. Breytingin er einnig til þess fallin að styrkja stöðu skattstofanna á landsbyggðinni. Almennt má segja að skatteftirliti hafi því miður nokkuð hnignað hin síðustu ár. Í fyrsta lagi hefur starfsfólki í þessu verkefni verið fækkað þrátt fyrir fjárveitingar sem sérstaklega var ætlað til þessa. Í öðru lagi hefur verklag nokkuð breyst með því að allt of lítið er gert af því að fara skipulega í heimsóknir til fyrirtækja. Í þriðja lagi hefði skatteftirlit og framkvæmd þess þurft að tengjast störfum skattstjóra utan höfuðborgarsvæðisins svo og störfum skattrannsóknarstjóra ríkisins, meira en verið hefur.

Með fyrirliggjandi tillögu er verið að opna heimild fjármálaráðherra til að gera breytingar til úrbóta og er það líklegt til að endurreisa framkvæmd skatteftirlits í tilteknum skattumdæmum. Raunar er það svo að skatteftirlit er langoftast undanfari skattrannsóknar og því skil á milli oft á tímum frekar óljós. Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur einnig eftirlitsheimildir að ákveðnu marki þar sem honum er heimilað lögum samkvæmt að taka sjálfur ákvörðun um val verkefna óháð því hvort viðkomandi aðili hafi sætt almennu skatteftirliti. Skattrannsóknarstjóri tekur einnig til rannsóknar skattskil fjölda skattaðila á hverju ári og þar af leiðir að starfsmenn embættisins eru mikið á ferðinni vegna verkefna sinna svo og að fyrir hendi er þekking á því hvernig skuli standa að vettvangsathugunum úti í fyrirtækjum til að sannreyna skattskil. Þannig hefði einnig komið til álita að fela skattrannsóknarstjóra eftirlitsverkefni í umboði skattstjóra.

Um önnur atriði frumvarpsins er ekki talin ástæða til að fjölyrða sérstaklega. Má þar nefna ákvæði 6. 7. og 9. gr. frumvarpsins sem ætlað er að styrkja tiltekin atriði í skattframkvæmdinni og eru engar athugasemdir gerðar við fyrirliggjandi frumvarp að því leyti.

Virðingarfyllst,

  
Skúli Eggert Þórðarson